



Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 8. apríl 2010

Efni: Frumvarp til laga um aðför og gjaldprotaskipti (árangurslaust fjárnám) 447. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Einföldun ferla við fjárnám, gjaldprotaskipti og nauðasamninga

Samtök atvinnulífsins fagna því að ferlar við fjárnám, gjaldprotaskipti og nauðasamninga verði einfaldaðir frá því sem nú er.

Áskilnaður um viðveru gerðarþola eða málsvara til að fjárnámi verði lokið án árangurs hefur reynst mjög erfitt í framkvæmd og ollið miklum töfum á málsmeðferð í fjárnámsmálum hjá sýslumönnum landsins. Ef boðun hefur reynst árangurslaus í fjölda tilvika hefur það neyðarúrræði verið nýtt að lögreglan færi skuldara nauðuga til fyrirtöku mála sinna hjá sýslumanni. Eru það ansi harkalegar aðfarir fyrir þá sem ekki hafa unnið sér annað til saka en að vera ekki borgunarmenn fyrir skuldum sínum. Þá er ljóst er að slíkt er ákaflega tímafrekt fyrir lögreglu og að slíkt mál geta ekki talist ofarlega á forgangsröðinni fyrir þann takmarkaða mannafla sem lögreglan hefur yfir að ráða. Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um að gerðarþoli sé skráður fyrir fasteign eða bifreiðum eða öðrum verðmeiri eignum er eðlilegt að hægt sé að ljúka árangurslausu fjárnámi jafnvel þótt gerðarþoli sé ekki viðstaddur, enda getur skv. frumvarpinu gerðarþoli brugðist við og óskað eftir endurupptöku gerðarinnar ef hann getur bent á eignir til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda.

Um nokkurn tíma hefur það legið fyrir að flóknir ferlar við nauðasamninga hafa hindrað að það úrræði hafi verið notað sem skildi. Verði frumvarp þetta að lögum mun það vonandi verða til þess að nauðasamningar verði skilvirkara úrræði en verið hefur.

Forgangsréttur vinnulaunakrafna

Þá gera samtökin ekki athugasemd við að forgangsréttur vinnulaunakrafna við gjaldprotaskipti nái ekki til óvenjulegra samningsákvæða um uppsagnarfrest eða ef hann er lengri en það sem venjulegt getur talist. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að kjarasamningar ná ekki til allra starfa og þau lög sem mæla fyrir um uppsagnarfrest hafa takmarkað gildissvið, þ.e.a.s. þau ná eingöngu til verkafólks. Þá tíðkast einnig að samið sé um tímabundna ráðningu um lengri tíma, jafnvel til nokkurra ára í senn og við gjaldprot eignast starfsmaður sem ráðinn hefur verið tímabundið, kröfu á hendur þrotabúinu út ráðningartíma sinn. Hins vegar er ekkert óeðlilegt við það að takmarka forgangsrétt slíkra krafna við það sem hefði gilt um viðkomandi hefði hann verið ráðinn ótímabundið með hefðbundnum uppsagnarfresti. Samtökin leggja því til orðalagsbreytingu á greininni sem tæki skýrar á þessum tilvikum. Þannig að tryggt væri að allir nytu forgangsréttar vegna vinnulaunakrafna á sambærilegan hátt.



Samtökin leggja því til að orðalagi 19. gr. frumvarpsins verði breytt á eftirfarandi hátt:

- a. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist: en slík krafa getur þó ekki numið hærri fjárhæð en svara mundi til launa í uppsagnarfresti sem almennt gildir um samsvarandi vinnusamninga eftir lögum eða kjarasamningi.

Skylða til að gefa bú upp til gjaldþrotaskipta

Samtök atvinnulífsins gera einnig athugasemd við 16. gr. frumvarpsins og telja ákvæði greinarinnar vera stór ágalli á frumvarpinu. Ákvæðið mælir fyrir um að þeir sem láti hjá líða að leita gjaldþrotaskipta á búi skuldara sem ekki getur staðið í fullum skilum við lánardrottna sína og ekki sé sennilegt að greiðsluörðuleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma, beri skaðabótaábyrgð gagnvart lánardrottnum skuldara að því leyti sem þeir fara af þessum sökum á mis við fullnustu krafna sinna, enda sýni þeir ekki fram á að sú vanræksla hafi ekki verið þeim sagnæm.

Samkvæmt 64. gr. gjaldþrotaskiptalaga ber skuldara að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar svo er orðið ástatt fyrir honum sem lýst er hér að ofan. Þá hefur verið talið að brjótí skuldari ákvæði þetta gæti hann orðið skaðabótaskyldur gagnvart lánardrottnum sínum. Þekktasta málið af því tagi sem komið hefur til kasta dómstóla er væntanlega hið svokallaða „Nanoq“ mál (Hrd: í máli nr. 60/2004).

Lögfesting slíkrar skaðabótaskyldu eins og lagt er til í frumvarpinu nálgast það að setja hlutlæga ábyrgð á stjórnendur félaga sem ekki eiga fyrir skuldum sínum enda er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sönnunarbyrðin liggi hjá stjórnendunum sem þurfa að sýna fram á að vanræksla á að gefa bú skuldara ekki upp til gjaldþrotaskipta hafi ekki verið þeim sagnæm.

Eftir hrun bankakerfisins á Íslandi 2008 með tilheyrandi gengislækkun íslensku krónunnar versnaði staða íslenskra fyrirtækja verulega. Fjöldi fyrirtækja er komið í hendur fjármálafyrirtækja og hafa gjaldþrot aldrei verið fleiri. Hafa ýmsir reynt að reikna út skuldastöðu íslenskra fyrirtækja í heild og hefur verið nefnt að allt frá 65 – 80% íslenskra fyrirtækja séu í raun tæknilega gjaldþrota. Þrátt fyrir að ýmis úrræði standi fyrirtækjum til boða hvað varðar endurskipulagningu á fjármálum þess í samstarfi við viðskiptabanka sinn, er ljóst að mikill fjöldi fyrirtækja mun ekki komast í gegnum þessa erfiðleika. Samkvæmt 64. gr. gjaldþrotaskiptalaga ættu öll þau fyrirtæki sem teljast tæknilega gjaldþrota að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta, en ef sú yrði framkvæmdin gæti það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Hafa Samtök atvinnulífsins talið að við þessar aðstæður væri nauðsynlegt að sýna sveigjanleika hvað varðar beitingu ákvæðis 64. gr. gjaldþrotaskiptalaga og sýna fyrirtækjum landsins skilning þegar þau reyna að berjast áfram við þessar erfiðu efnahagsaðstæður sem þau búa við. Fer lögfesting ákvæðis um skaðabótaskyldu stjórnanda með öfugri sönnunarbyrði þvert ofan í slíka viðleitni um mun eingöngu valda auknum kvíða og áhyggjum hjá atvinnurekendum. Leggja samtökin því til að þetta ákvæði frumvarpsins verði fellt burt.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins


Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.